

61. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 27. maí 2010 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Erindi sex héraðsskjalavarða til stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands og menntamálaráðherra; 2. Starfsmannamál; 3. Sýning á Kópavogsdögum um kosningar í Kópavogi; 4. Útgáfumál: Bæklingur um kosningar; ársrit; 5. Afhendingar. 6. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson, formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn

1. **Erindi sex héraðsskjalavarða til stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands og menntamálaráðherra:** Sex héraðsskjalaverðir skrifuðu hinn 24. mars sl. bréf til stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands sem hefur fyrirsögnina: „Andmæli við samþykktum frá 11. febrúar 2010 með ósk um rökstuðning og endurskoðun.“ Bréfið undirrita eftir umboði Hrafn Sveinbjarnarson, héraðsskjalavörður Kópavogs, og Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður Reykjavíkur. Í þessu bréfi héraðsskjalavarðanna er vísað til viðmiðunarreglna „um skilyrði sem héraðsskjalasöfn þurfa að uppfylla til þess að geta að fullu tekið að sér að taka við rafrænum skjalasöfnum skilaskyldra aðila í héraði“ en þær voru staðfestar á fundi stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands 11. 2. 2010. Héraðsskjalaverðirnir vara við ófyrirséðum kostnaði vegna þessara reglna, einkum vegna rafrænnar skjalavörslu, en gera jafnframt athugasemdir við mörg atriði í viðmiðunarreglunum. Á þessum sama fundi stjórnarnefndar 11.2.2010 var samþykkt almenn grisjunarheimild um ýmis skjöl sveitarfélaga en héraðsskjalaverðirnir taka fram í bréfi sínu að þar sem skjalavarsla stofnana og embætta sé á ábyrgð forstöðumanna skv. 6. gr. laga nr. 66/1985 sé óeðlilegt að heimild til grisjunar komi fram án skýrrar beiðni frá þeim forstöðumanni er í hlut á og eigi hún að fara um hendur héraðsskjalavarðar þegar um sveitarfélag sé að ræða skv. reglugerð. Biðja héraðsskjalaverðirnir um ítarlegan rökstuðning fyrir ákvörðunum um grisjunarheimildir áður en þeim verður framfylgt og kostnaðaráætlun fyrir rafrænni skjalavörslu.

Hinn 26. mars skrifuðu sömu sex héraðsskjalaverðir menntamálaráðherra bréf og láta fylgja því afrit af ofanefndu bréfi til stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns. Beina þeir því til menntamálaráðherra að hann beiti áhrifum sínum til að eðlilegt samráð sé haft við héraðsskjalasöfn þegar settar eru reglur um skjalavörslu sveitarfélaga og þess m.a. gætt að ekki þurfi að koma til aukinna útgjalda vegna rafrænnar skjalavörslu en æskilegt væri að reglur um rafræna skjalavörslu yrðu dregnar til baka. Einnig biðja þeir um að við endurskoðun á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn fái sjónarmið héraðsskjalavarða og sveitarfélaga að njóta sín.

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs styður erindi héraðsskjalavarðanna í bréfum þessum og leggur áherslu á að gæta að kostnaði og tryggja jafnframt sjálfstæði héraðsskjalasafnanna og öryggi í skjalavörslu sveitarfélaga.

2. **Starfsmannamál:** Margrét Sigurðardóttir hefur verið ráðin til starfa á safninu frá miðjum apríl út september. Einnig sumarstarfsmaður Etienne Andri Gunnarsson sem verður hér í um tvo mánuði frá 20. maí.
3. **Sýning á Kópavogsdögum um kosningar í Kópavogi:** Á Kópavogsdögum í vor var sett upp í safninu sýning á gömlu kosningablöðum og ýmsum sérprentum sem tengjast kosningum í Kópavogi á fyrri tíð. Ætlunin var að nýta sér áhuga í bænum vegna bæjarstjórnarkosninga sem fóru í hönd en aðeins komu um 20 gestir á sýninguna.
4. **Útgáfumál: Bæklingur um kosningar; ársrit:** Héraðsskjalavörður hefur haft í hyggju að koma saman stuttum bæklingi um kosningar í Kópavogi og hafa þá fundargerðarbækur kjörstjórnar sem aðalheimild en ekki hefur gefist tími til þess ennþá.
Vinnu við útgáfu ársrits 2008-2009 miðar eðlilega.
5. **Afhendingar:** Skjalasafn íþróttafélagsins Breiðabliks er að berast safninu og er Margrét Sigurðardóttir að skrá það. Kópavogspósturinn sem byrjaði að koma út 1994 hefur sent inn ýmislegt efni.
6. **Önnur mál:** Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.30. Fundarritari Bjarni Ólafsson